

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um rekstur ráðuneyta og starfsmannafjölda árin 2010–2012.

1. *Hver voru útgjöld við rekstur ráðuneyta á árunum 2010–2012 á föstu verðlagi, sundurliðað eftir ráðuneytum?*

Útgjöld aðalskrifstofa ráðuneytanna á tímabilinu miðað við verðlag ársins 2012 eru í meðfylgjandi töflu. Miðað er við upplýsingar úr ríkisreikningi vegna árána 2010 og 2011. Útgjöld ársins 2012 eru úr 4. árshlutauppgjöri Fjársýslu ríkisins vegna 2012. Fjárhæðir eru í millj. kr.

Á tímabilinu hafa orðið skipulagsbreytingar á ráðuneytum í Stjórnarráðinu. Árið 2010 voru ráðuneytin tíu en í lok árs 2012 voru þau átta.

Hinn 1. janúar 2011 tóku gildi lög nr. 121/2010, um breytingu á Stjórnarráði Íslands. Þá tók innanríkisráðuneyti til starfa með samruna dómsmála- og mannréttindaráðuneytis annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis hins vegar. Á sama tíma tók velferðarráðuneyti til starfa með sameiningu heilbrigðisráðuneytis annars vegar og félags- og tryggingamálaráðuneytis hins vegar.

Hinn 1. september 2012 tók gildi forsetaúrskurður nr. 99/2012, um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti. Breytingarnar fólu í sér að í stað iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, umhverfisráðuneytis, efnahags- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis komu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Í svarinu er miðað við skipulag Stjórnarráðsins eins og það var fyrir gildistöku forsetaúrskurðar nr. 99/2012 hinn 1. september 2012. Athygli er vakin á að útgjöld framangreindra ráðuneyta taka mið af skipulagsbreytingunum 1. september sl. og eru þau stjórnmerkt.

Ráðuneyti	2010	2011	2012
Forsætisráðuneyti	305,7	323,1	337,6
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	655,3	725,2	853,7
Utanríkisráðuneyti	1.137,1	1.104,3	1.305,9
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti*	515,7	489,4	498,1
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	380,0		
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	346,4		
Innanríkisráðuneyti		784,1	731,3
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	348,3		
Heilbrigðisráðuneyti	623,4		
Velferðarráðuneyti		967,1	907,3
Fjármálaráðuneyti*	682,0	683,1	751,0
Iðnaðarráðuneyti*	234,3	238,1	200,1
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti*	282,8	331,2	263,0
Umhverfisráðuneyti	347,0	343,7	379,3

2. Hver var þróun starfsmannafjölda í ráðuneytunum á sama árabili, sundurliðað eftir ráðuneytum?

Upplýsingar um fjölda ársverka í dagvinnu eru fengin úr miðlægu launavinnslukerfi ríkisins. Fjöldatölur miða við ráðuneytaskiptingu eins og hún var árin 2010 og 2011, sbr. nánari útskýringar við 1. tölul. fyrirspurnarinnar. Ársverkafjöldi 2012 er miðaður við skiptingu ráðuneyta eins og hún var áður en forsetaúrskurður nr. 99/2012 tók gildi.

Ráðuneyti	2010	2011	2012
Forsætisráðuneyti	25,1	26,6	26,8
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	67,6	72,1	75,5
Utanríkisráðuneyti	94,8	94,4	99,4
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	32,9	32,9	33,6
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	35,4		
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	32,6		
Innanríkisráðuneyti		72,5	70,2
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	40,3		
Heilbrigðisráðuneyti	51,3		
Velferðarráðuneyti		94,1	87,8
Fjármálaráðuneyti	60,8	61,3	63,1
Iðnaðarráðuneyti	20,8	19,3	17,5
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	22,6	25,8	26,2
Umhverfissráðuneyti	31,5	31,1	31,9